


Allt um kvennaverksfallið

Í könnun sem Prósent framkvæmdi dagana 30. október til 9. nóvember 2023 voru Íslendingar spurðir um viðhorf til kvennaverksfallsins. Spurt var eftirfarandi þriggja spurninga.

- **Mættir þú á samstöðufund Kvennaverksfallsins sem haldinn var á Arnarhóli þann 24. október síðastliðinn, eða samstöðufund annars staðar á landinu?**
- **Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur/t) varst þú verkfallsaðgerðum Kvennaverksfallsins?**
Verkfallsaðgerðirnar fólust í því að konur og kvár lögðu niður störf þann 24. október síðastliðinn til að vekja athygli á kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og að störf kvenna og kvára eru ekki metin að verðleikum.
- Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu?
Ég tel að Kvennaverksfallið muni hafa jákvæð áhrif á réttindabaráttu kvenna og kvára.


1. Mættir þú á samstöðufund Kvennaverksfallsins sem haldinn var á Arnarhóli þann 24. október síðastliðinn, eða samstöðufund annars staðar á landinu?

Þessa spurningu fengu konur og kvár, en ekkert kvár svaraði könnun. Um 27% kvenna mættu á samstöðufund á Arnarhóli og tæp 9% mættu á samstöðufund annars staðar á landinu. Um 65% mættu ekki á samstöðufund.




Mynd 1 Mættir þú á samstöðufund Kvennaverksfallsins sem haldinn var á Arnarhóli þann 24. október síðastliðinn, eða samstöðufund annars staðar á landinu? Niðurstöður kvenna sem tóku afstöðu.

Samtals mættu 35% kvenna á samstöðufund og 65% mættu ekki.




Mynd 2 Mættir þú á samstöðufund Kvennaverkfallsins sem haldinn var á Arnarhóli þann 24. október síðastliðinn, eða samstöðufund annars staðar á landinu? Niðurstöður kvenna sem tóku afstöðu.

Um 40% kvenna sem búsettar eru í Reykjavík mættu á samstöðufund í samanburði við um 33% kvenna sem búa í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur og um 31% á landsbyggðinni



Mynd 3 Mættir þú á samstöðufund Kvennaverkfallsins sem haldinn var á Arnarhóli þann 24. október síðastliðinn, eða samstöðufund annars staðar á landinu? Niðurstöður eftir búsetu.

Hlutfall kvenna sem mættu var hærra í tekjuhæsta hópnunum í samanburði við þann tekjulægsta. Um 27% kvenna með einstaklingstekjur undir 400 þúsund krónur mættu í samanburði við 42% kvenna með einstaklingstekjur að upphæð 800 þúsund krónur eða hærri.




Mynd 4 Mættir þú á samstöðufund Kvinnaverkfallsins sem haldinn var á Arnarhóli þann 24. október síðastliðinn, eða samstöðufund annars staðar á landinu? Niðurstöður eftir einstaklingstekjum.

2. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur/t) varst þú verkfallsaðgerðum Kvinnaverkfallsins?

Verkfallsaðgerðirnar fólust í því að konur og kvár lögðu niður störf þann 24. október síðastliðinn til að vekja athygli á kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og að störf kvenna og kvára eru ekki metin að verðleikum.


Um 73% svarenda sem tóku afstöðu voru hlynnt verkfallsaðgerðum Kvinnaverkfallsins. Um 18% voru hvorki hlynnt né andvíg og um 9% voru andvíg.



■ Hlynnt ■ Hvorki né ■ Andvíg


Mynd 5 Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur/t) varst þú verkfallsaðgerðum Kvinnaverkfallsins? Niðurstöður þeirra sem tóku afstöðu.

Martækur munur er á afstöðu eftir kyni. Um 87% kvenna voru hlynnt verkfallsaðgerðum í samanburði við um 60% karla.



Mynd 6 Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur/t) varst þú verkfallsaðgerðum Kvennaverkfallsins? Niðurstöður eftir kyni.


Þau sem eru 18 til 24 ára voru hlynntari verkfallsaðgerðum en þau sem eldri eru.



Mynd 7 Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur/t) varst þú verkfallsaðgerðum Kvennaverkfallsins? Niðurstöður eftir aldri.


3. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? **Ég tel að Kvinnaverkfallið muni hafa jákvæð áhrif á réttindabaráttu kvenna og kvára.**

Um 66% þjóðarinnar eru sammála fullyrðingunni að Kvinnaverkfallið muni hafa jákvæð áhrif á réttindabaráttu kvenna og kvára, 22% eru hvorki sammála né ósammála og 12% eru ósammála.




Mynd 8 Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? Ég tel að Kvinnaverkfallið muni hafa jákvæð áhrif á réttindabaráttu kvenna og kvára. Niðurstöður þeirra sem tóku afstöðu.

Marktækur munur er eftir kyni þátttakanda. Tæp 79% kvenna eru sammála fullyrðingunni í samanburði við rúm 54% karla.



Mynd 9 Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? Ég tel að Kvinnaverkfallið muni hafa jákvæð áhrif á réttindabaráttu kvenna og kvára. Niðurstöður eftir kyni.

Um 74% íbúa Reykjavíkur eru sammála því að Kvennaverkfallið muni hafa jákvæð áhrif á réttindabaráttu kvenna, um 68% íbúa nágrennasveitarfélaga Reykjavíkur og um 56% íbúa á landsbyggðinni. Íbúar Reykjavíkur og nágrennasveitarfélaga eru marktækt meira sammála en íbúar landsbyggðarinnar.



Mynd 10 Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? Ég tel að Kvennaverkfallið muni hafa jákvæð áhrif á réttindabaráttu kvenna og kvára. Niðurstöður efir búsetu.

Framkvæmd

Gögnum var safnað frá 30. október til 9. nóvember 2023.

Aðferð: Netkönnun meðal könnunarhóps Prósentis.

Úrtak: 2.300 (einstaklingar 18 ára og eldri)

Svarhlutfall: 51%

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Edda Sólveig Gísladóttir, sérfræðingur Prósentis í síma 612 7774 eða á edda@prosent.is